

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 26. ágúst kl. 13:00 var haldinn 355. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsfólks.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 21. ágúst 2024 lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF353 og SF354 lagðar fram. Fundargerðirnar samþykktar og verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, lögðu fram og kynntu hálfársuppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Davíð Arnar Einarsson og Bjarni Már Jóhannesson, endurskoðendur frá Grant Thornton, mættu til fundarins og kynntu könnunarskýrslu vegna hálfársuppgjörs ársins 2024, dags. 26. ágúst 2024. Umræður.

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar, dags. 19. ágúst 2024, þar sem fram kemur að nefndin telji árshlutareikninginn gerðan í samræmi við lög og settar reikningskilareglur og sé tilbúinn til afgreiðslu stjórnar félagsins.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

Rekstraráhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 15. ágúst 2024, lögð fram.

4. Klukkan 13:53 mættu til fundarins Hera Grímsdóttir, framkvæmdastjóri Rannsóknar og nýsköpunar og Ingvi Gunnarsson, forstöðumaður auðlindastýringar og kynntu orkuöflun til framtíðar ásamt stöðu mælikvarða, auðlinda, nýsköpunar, umhverfis-, og sjálfbærni. Umræður.
5. Klukkan 15:05 mætti til fundarins Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastjóri Carbfix og greindi frá stöðu félagsins. Umræður.
6. Klukkan 16:00 mættu til fundarins Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og Jóhann Ingi Magnússon, deildarstjóri sölu og þjónustu Orku náttúrunnar. Þeir lögðu fram að nýju tillögu frá síðasta fundi um umboð til forstjóra vegna hluthafafundar Orku náttúrunnar ásamt frekari upplýsingum, sem óskað var eftir á síðasta fundi. Á hluthafafundinum verði tekin fyrir tillaga um að viðskiptavinum standi til boða hleðsluáskrift hvar sem er á landinu.

Tillagan borin upp og samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Skúla Þórs Helgasonar, Þórðar Gunnarssonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir situr hjá.

Lagt fram minnisblað sem svar við fyrirspurn af SF 353, sem fram fór þann 27. maí 2024, um starfsemi Orku náttúrunnar, dags. 22. ágúst 2024. Umræður.

7. Lagt fram minnisblað Rannsókna og nýsköpunar um yfirbreiðslur yfir sundlaugar, dags. 22. ágúst 2024. Minnisblaðsins var óskað að tillögu sem fram kom á síðasta stjórnarfundum. Samþykkt að vekja athygli stjórnar Veitna á minnisblaðinu, sem geti þá eftir atvikum upplýst sveitarfélög og aðra aðila, sem reka sundlaugar á starfssvæði veitna um efni þess.
8. Lögð fram frá síðasta fundi, tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afléttingu trúnaðar á skýrslu innri endurskoðunar varðandi Orkuveitu Reykjavíkur, sem borgarstjórn samþykkti þann 14. maí 2024 að vísa til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Tillagan borin upp og hafnað, með vísan til afstöðu stjórnar Ljósleiðarans til málsins, með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur, Þórðar Gunnarssonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir styður tillögu borgarráðs og óskar bókað:

Því miður er sem fyrr ekki vilji meðal samstjórnarmanna undirritaðrar að samvisskusamlega upplýsa eigendur um þær alvarlegu aðfinnslur sem skýrslan kveður á um. Það er vægast sagt ekki í anda eigendastefnunnar en kemur ekki á óvart miðað við umræddar aðfinnslur skýrslunnar. Það er fátánlegt að halda trúnaði um slíkan trúnaðarbrest gagnvart eigendum. Nú hefur jafnvel minnisblað Innri endurskoðenda um efni skýrslunnar verið birt stjórninni en ekki sent héðan til eigenda. Undirrituð mun að sjálfsögðu leggja fram enn fleiri tillögur um að minnsta kosti birta umrætt minnisblað eigendum.

Skúli Þór Helgason situr hjá við afgreiðsluna og óskar bókað:

Undirritaður er fylgjandi því að umrædd skýrsla verði birt en situr hjá í atkvæðagreiðslunni í þeirri góðu trú að skýrslan verði birt að lokinni hlutafjár aukningu Ljósleiðarans.

9. Lögð fram frá síðasta fundi, svohljóðandi tillaga Björns Gíslasonar, dags. 23. júní 2024 um orkuframleiðslu í Elliðaárvirkjun. Tillögunni fylgir greinargerð.

Orkuveita Reykjavíkur samþykkir að hefja orkuframleiðslu á rafmagni í Elliðaárvirkjun á nýjan leik með það fyrir augum að tryggja orkuöryggi heimila í Reykjavík. Lagt er til að innviðir sem nú þegar eru til staðar í Elliðaárdal verði nýttir svo hefja megi raforkuframleiðslu á allt að tíu megavöttum af rafmagni.

Umræður. Forstjóra falið að skoða málið milli funda.

10. Lögð fram til afgreiðslu aðgerðaáætlun í kjölfar úttektar innri endurskoðunar á stjórnháttum og miðlun upplýsinga, sem frestað var á síðasta fundi. Frestað.
11. Lagt fram minnisblað um auðlindir, nýsköpun o.fl., dags. 22. ágúst 2024.
12. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 21.08.2024

Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ehf. dags. 22.08.2024

Fundargerð Orku náttúrunnar ehf. dags. 19.06.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 21.08.2024

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix hf. dags. 15.08.2024

13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 26. ágúst 2024. Umræður.

14. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:15.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. september 2024.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 27. maí kl. 13:00 var haldinn 353. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 23. maí lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF 352 var lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
3. Klukkan 13:10 mætti til fundarins Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Brynju Kolbrínu Pétursdóttur, forstöðukonu fjárstýringa og greiningar og Bryndísi Maríu Leifsdóttur, forstöðumanni reikningshalds. Lögðu þau fram og kynntu árshlutauppgjör Orkuveitu Reykjavíkur fyrir fyrsta ársfjórðung 2024. Umræður.

Lögð fram svohljóðandi bókun Endurskoðunarnefndar, dags. 23. maí 2024 um árhlutareikninginn.

Endurskoðunarnefnd fékk kynningu á samandregnum árshlutareikningi samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2024. Endurskoðunarnefnd þakkar greinargóða kynningu og telur að árshlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í stjórn Orkuveitunnar.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

Klukkan 13:30 mætti til fundarins Sæmundur Friðjónsson, forstöðumaður upplýsingtækni. Lögð fram svohljóðandi tillaga um nýtt fjárhagskerfi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að F&O (Microsoft Finance and Operations) verði framtíðar fjárhagskerfi Orkuveitunnar og veitir forstjóra og/ eða framkvæmdastjóra fjármála umboð til að fara með innleiðinguna í útboðsferli.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Snorra Hafsteini Þorkelssyni, framkvæmdastjóra fjármála, prókúruumboð fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.

Áhættuskýrsla dags. 17. maí 2024 lögð fram til kynningar. Umræður.

4. Klukkan 13:50 mættu til fundarins Harpa Pétursdóttir, forstöðukona nýrra orkukosta, Dario Ingi DI Dienzo, sérfræðingur í jarðvísindum og Þráinn Friðriksson auðlindaleiðtogi hitaveitu. Greindu þau frá og lögðu fram svohljóðandi tillögu, tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir áætlaðan kostnað vegna jarðhitarannsóknna á Mosfellsheiði og Krýsuvíkursveimum. Tilgangur rannsóknanna er að afla upplýsinga til að meta möguleika á nýtingu jarðhita fyrir framleiðslu á rafmagni og/eða heitu vatni. Gert er ráð fyrir að senda umsóknir um rannsóknarleyfi til Orkustofnunar sumarið 2024. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnin eru 1.320.000.000 kr.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

5. Klukkan 14:20 mætti til fundarins Símon Þorleifsson, verkefnastjóri, greindi frá og lagði fram svohljóðandi tillögu dags. 27. maí 2024 um að bjóða sameiginlega út borverkefni. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að bjóða sameiginlega út borverkefni til ársins 2028.

Samþykkt samhljóða.

6. Klukkan 14:30 mætti Einar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og greindi frá stöðu mála hjá Ljósleiðaranum. Umræður.

Klukkan 15:33 mættu Helga Lára Hauksdóttir og Þórður Ólafur Þórðarson frá Arion banka til fundarins og gerðu grein fyrir stöðu fyrirhugaðrar hlutafjárútkningar Ljósleiðarans.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 27. maí 2024 um kjör forstjóra. Tillögunni fylgir greinargerð.

Starfskjaranefnd leggur til að stjórn Orkuveitunnar samþykki að heildarlaun forstjóra verði kr. 3.800.000.

Jafnframt lagt fram minnisblað starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 24. maí 2024 um frammistöðumat og ákvörðun launa forstjóra.

Samþykkt samhljóða.

8. Stjórn lagði sameiginlega mat á störf stjórnar.
9. Lagt fram að nýju minnisblað um forgangsroðun aðgerða vegna úttektar á stjórnarháttum og miðlun upplýsinga hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, sem frestað var á síðast fundi. Frestað.
10. Tillaga um framlag í rannsóknarsjóðinn VOR, sem samþykkt var á milli funda, lögð fram til staðfestingar. Tillagan staðfest.
11. Klukkan 16:12 mætti til fundarins Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og tækni, og greindi frá niðurstöðum vinnustaðarkönnunar sem gerð var meðal starfsfólks í apríl, en fyrirhugað er að leggja samskonar könnun ársfjórðungslega. Umræður.
Klukkan 16:15 yfirgaf Guðveig Eyglóardóttir fundinn.
12. Áhættumati stefnu frestað.
13. Forstjóri greindi frá tillögum að markmiðum, mælikvörðum og stefnuverkefnum nýrrar stefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Klukkan 16:30 mætti Gísli Björn Björnsson til fundarins. Umræður.

14. Lagt fram minnisblað um auðlindir, nýsköpun o.fl., dags. 23. maí 2024.
15. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundargerð stjórnarfundu Ljósleiðarans ehf. dags. 19.04.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 22.05.2024

Fundargerð stjórnarfundu Veitna ehf. dags. 15.04.2024

Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ehf. dags. 24.05.2024

Fundargerðir Orku náttúrunnar ehf. dags. 20.03, 18.04 og 30.04.2024

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 30.04.2024

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 27. maí 2024 um kaup á lóð úr landi Skógarkots. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir kaup á 8900 m² lóð undir hitaveitugeyma úr landi Skógarkots með landnúmeri 219170 í Borgarbyggð.

Samþykkt samhljóða.

17. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfundu, dags. 24. maí 2024. Umræður.
18. Önnur mál.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 14. maí 2024.

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um tafarlausu afléttingu trúnaðar yfir skýrslu innri endurskoðunar um samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarhætti og miðlun upplýsinga

Borgarstjórn samþykkir að kalla eftir tafarlausri afléttingu trúnaðar yfir skýrslu Innri endurskoðunar og ráðgjafar frá nóvember 2023 um samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarhætti og miðlun upplýsinga. Skýrslan skal verða gerð opinber í heild sinni.

Frestað.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir lagði fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hversu stór hluti af starfsemi ON er smásala rafmagns? Hér er kallað eftir rekstrartengdum upplýsingum, tekjum og skuldbindingum.
2. Hver er markaðshlutdeild ON á smásölumarkaði annars vegar á landsvísu og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu
3. Hversu mikið hefur ON og OR fjárfest í uppbyggingu hraðhleðslustöðva og annarra hleðslustöðva fyrir ökutæki? Kallað er eftir upplýsingum yfir allan kostnað vegna hugbúnaðarþróunar, framkvæmda (t.d. jarðvegsvinnu og uppbyggingar stöðva og tengdra mannvirkja).
4. Hverjar hafa tekjur og afkoma af uppbyggingu og rekstri hleðslustöðva verið síðastliðin 5 ár?
5. Hver er markaðshlutdeild ON í hleðslustöðvum fyrir ökutæki?
6. Er ON í markaðsráðandi stöðu á einhverjum mörkuðum?
7. Hefur ON með einhverjum hætti greitt með samkeppnisrekstri í uppbyggingu og rekstri hraðhleðslustöðva og annarra hleðslustöðva?

8. Nýtur ON með einhverjum hætti forskots í uppsetningu og rekstri hraðhleðslustöðva vegna tengsla við Reykjavíkurborg?
9. Hvaða lögfræðilegu álitamál hafa komið upp í tengslum við þessa starfsemi ON.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:25.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 24. júní 2024.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2024, mánudaginn 24. júní kl. 13:00 var haldinn 354. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Sara Björg Sigurðardóttir í fjarveru Skúla Þórs Helgasonar, Björn Gíslason í fjarveru Ragnhildar Öldu Maríu Vilhjálmisdóttur, Þórður Gunnarsson, Páll Gestsson í fjarveru Völu Valtýsdóttur, Valgarður Lyngdal Jónsson, sem tók þátt um fjarfundabúnað og Guðveig Eyglóardóttir.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfólk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 24. júní 2024, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF 353 var lögð fram og frestað.
3. Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Umræður.

Fimm mánaða uppgjör lagt fram og kynnt.

Greint frá leiðréttingu í skýrslu með ársreikningi, sem gerð var frá síðustu kynningu.

Lögð fram svohljóðandi arðgreiðslutillaga, dags. 24. júní 2024. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til eigendafundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Tillagan felur í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna verður greidd út fljótlega eftir afgreiðslu tillögunnar en útgreiðsla að fjárhæð 1.000 milljónir króna verður greidd út eftir 9 mánaða uppgjör og fjárhæð 1.000 milljónir króna verðu greidd út í desember nk. að því gefnu að niðurstaða ársins stefni í að verða í takt við áætlanir.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt uppfærðri fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025

Umræður. Tillagan samþykkt með atkvæðum Gylfa Magnússonar, Söru Bjargar Sigurðardóttur, Páls Gestssonar og Valgarðs Lyngdal Jónssonar. Þórður Gunnarsson og Björn Gíslason greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Áhættuskýrsla dags. 18. júní 2024 lögð fram. Umræður.

4. Forstjóri lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu samskiptastjóra. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að leitað verði samþykkis eigenda fyrir breytingum á vörumerki Orkuveitu Reykjavíkur, þrátt fyrir að hingað til hafi endurmörkun ekki verið talin þarfnastr samþykkis eigenda.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

5. Íris Lind Sæmundsdóttir lögmaður og Jóhann Ingi Magnússon, sölustjóri Orku náttúrunnar mættu til fundarins kl. 13:50 og kynntu tillögu um að veita forstjóra umboð til að taka á hluthafafundi Orku náttúrunnar ákvörðun um að viðskiptavinum skuli standa til boða hleðsluáskrift á landinu öllu.
Afgreiðslu frestað og óskað upplýsinga um umfang fjárfestinga í tengslum við verkefnið. Einnig óskað upplýsinga um heildaráætlun eða framtíðarsýn um uppbyggingu innviða á meginstarfsvæði skv. eigendastefnu.
6. Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra, Jón Trausti Kárason, forstöðumaður rafveitu, Kári Hreinsson, sérfræðingur í nýsköpun og tækniþróun og Anna Gunnlaug Friðriksdóttir, fjármálaleiðtogi Veitna mættu til fundarsins kl. 14:25 og kynntu tillögu um umboð til forstjóra til að samþykkja á hluthafafundi Veitna tillögu um nýja aðveitustöð A13.
Umræður.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
7. Umfjöllun um forgangsröðun aðgerða í kjölfar úttektar innri endurskoðunar. Frestað.
8. Klukkan 15:10 mættu til fundarins Dagmar I. Birgisdóttir, leiðtogi áhættustjórnunar og Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur í áhættustýringu og greindu frá áhættumati á nýrri stefnu Orkuveitunnar.
Umræður.
9. Lagt fram minnisblað um auðlindir, nýsköpun o.fl., dags. 20. júní 2024.
10. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.
 - a. Fundargerð stjórnarfundu Ljósleiðarans ehf. dags. 20. júní 2024?
 - b. Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 19. júní 2024.
 - c. Fundargerð stjórnarfundu Veitna ehf. dags. 21. júní 2024.
 - d. Minnisblað framkvæmastjórnar Veitna ehf. dags. 20.06.2024
 - e. Fundargerð Orku náttúrunnar ehf. dags. 22.05.2024
 - f. Minnisblöð framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ehf. dags. 22.05 og 19.06.2024
11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfundu, dags. 24. júní 2024. Umræður.
12. Önnur mál.
 - Tillaga lögð fram í borgarráði þann 14. maí 2024 um afléttingu trúnaðar á skýrslu innri endurskoðunar. Einnig lagt fram minnisblað innri endurskoðunar frá 3. maí 2024. Frestað.
 - Björn Gíslason gerði grein fyrir tillögu sinni um Elliðaárstöð. Afgreiðslu frestað.
 - Sara Björg Sigurðardóttir gerði grein fyrir tillögu sinni um yfirbreiðslur yfir sundlaugar. Afgreiðslu frestað. Óskað verði minnisblaðs frá rannsóknnum og nýsköpun um mögulegan ávinning af því að breiða yfir sundlaugar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:10.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. ágúst 2024.

Gylfi Magnússon,
Páll Gestsson, Björn Gíslason, Sara Björg Sigurðardóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.



Minnisblað

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitunnar
Sendandi: Rannsóknir og nýsköpun
Orkuveitan og Veitur
Dagsetning: 22. ágúst 2024

EFNI: YFIRBREIÐSLUR YFIR SUNDLAUGAR

Í þessu minnisblaði er gerð stutt greining á áhrifum yfirbreiðslna í sundlaugum á orkunotkun og hvaða áhrif þær munu hafa á notkun í veitunni

Það eru 51 sundlaug á veitusvæði Veitna, skv. veitulista tekjustýringar Orkuveitunnar. Flestar eru almenningssundlaugar eða 27 talsins, aðrar sundlaugar eru t.d. skólasundlaugar, sundlaugar við dvalarheimi aldraða, ein hestasundlaug og Sky Lagoon. Af þessum 27 almenningssundlaugum eru 23 utandyra. Staðsetningu þeirra má sjá í töflu 1.

Hér verður fjallað um almenningssundlaugar þar sem aðrar sundlaugar eru nær allar innisundlaugar að undanskildum Sky Lagoon, Hreppslaug, sundlauginni við Ölduselsskóla og sundlaug við Efstaleiti 10-14.

Almenningssundlaugar fá 70% afslátt af gjaldskrá en aðrar sundlaugar fá 50% afslátt af gjaldskrá.

Norðurorka og EFLA verkfræðistofa gerðu greiningu á orkusparnaði með notkun yfirbreiðslna. Kæling sundlauga er að miklu leyti vegna uppgufunar sem yfirbreiðsla hindrar að stórum hluta og má gera ráð fyrir um 80-90% orkusparnaði við notkun þeirra. Það er því að verulega háð því hversu lengi hægt er að breiða yfir laug, hversu miklum orkusparnaði er hægt að ná. Þar sem almennt er ekki hægt að breiða yfir laugar á daginn, þegar álag á hitaveitur er hvað mest, er ekki hægt að gera ráð fyrir að hámarksnotkun minnki þó svo að meðalnotkun lækki. Yfirbreiðslurnar munu því ekki hafa áhrif á hversu mikið heitt vatn þarf að vera til staðar í veitunni til að anna eftirspurn í henni og munu því hafa óveruleg áhrif á fjárfestingaþörf veitunnar.

Ársnotkun almenningssundlauga sem eru utandyra á veitusvæði Veitna er u.þ.b. þrjár milljónir rúmmetra. Ef miðað er við tölur frá Norðurorku og EFLU verkfræðistofu þá er hægt að spara um 30% af orkunotkun sundlauga með slíkum búnaði. Því er hægt að spara um 900 þús. m³ af heitu vatni (meðaltalsnotkun upp tæpar 30 l/s á ári). Það þýðir sparnað upp á u.þ.b. 50 milljónir kr. á



ári, án virðisaukaskatt fyrir almenningssundlaugar. Opnunartími sundlauga í Reykjavík er almennt nokkuð lengri en þeirra sundlauga sem greining Norðurorku nær til og því má ætla að hér sé um efri mörk að ræða.

Miðað við kostnaðartölur sem koma fram í greiningu frá Norðurorku og EFLU þá gæti kostnaður á yfirbreiðslum verið frá 100 til 250 milljónum kr. fyrir yfirbreiðslur á þessar 23 sundlaugar.

Vert er að benda að athugasemdir frá rekstrarfólki sundlauga¹:

... en annar kostnaður vegur þar upp á móti s.s. vinna og slit á brautarlínunum. Yfirbreiðslurnar sjálfar eru einnig dýrar og þær þarf að endurnýja á nokkurra ára fresti.

... Flotlínur séu í báðum laugum og þær þurfi að fjarlægja til að unnt sé að setja yfirbreiðsluna á. Það sé mikil vinna fólgin í því að taka þær af og setja upp á ný.

Tafla 1: Almenningssundlaugar sem eru utandyra eru 23 talsins.

Notkunarstaður	Póstnúmer	Nafn
Jaðarsbakkar 2,vaðlaugin Guðlaug	300	Akraneskaupstaður
Jaðarsbakkar, sundlaug	300	Akraneskaupstaður
Þorsteinsgata 1-3, útisundlaug	310	Borgarbyggð
Laugaland 1, sundlaug	851	Byggðasamlagið Oddi bs.
Kóningsvegur 10 Úthlíð Sundlaug	801	Ferðapjónustan Úthlíð ehf.
Breiðamýri 906	225	Garðabær
Sundlaug við Ásgarð	210	Garðabær
Ásvellir 2, sundlaug	220	Hafnarfjarðarkaupstaður
Sundlaug V/Hringbraut	220	Hafnarfjarðarkaupstaður
Borgarholtsbraut 17, Sundlaug	200	Kópavogsbær
Versalir 3	201	Kópavogsbær
Vallarbraut 16, sundlaug+pottar	860	Rangárþing eystra
Útskálar 4, Sundlaug	850	Rangárþing ytra
Austurberg 3	111	Reykjavíkurborg
Barónsstígur 45 A Sundhöllin	101	Reykjavíkurborg
Dalhús 2 - Sundlaug	112	Reykjavíkurborg
Fylkisvegur 9 Sundlaug	110	Reykjavíkurborg
Klébergsskóli Sundlaug	162	Reykjavíkurborg
Sundlaug Vesturbæjar	107	Reykjavíkurborg
Sundlaugavegur 30 úti sundlaug	105	Reykjavíkurborg
Úlfarsbraut 122-124, Sundlaug	113	Reykjavíkurborg
Borgarbraut 4	340	Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnarberg 45	815	Sveitarfélagið Ölfus

¹ <https://www.vikubladid.is/is/frettir/yfirbreidslur-og-sundlaug-akureyrar>



Mynd 1 Sundlaugin Hellu. Hér má sjá yfirbreiðslu upprúllaða.

Niðurstöður

- Kostnaður við yfirbreiðslur yfir sundlaugar er 100 til 250 milljónir kr. Lögun marga sundlauga/potta/vaðlauga er þannig að erfitt getur verið að útfæra yfirbreiðslur á þær laugar.
- Reikna má með að sparnaður gæti að hámarki verið 900 þús. m³ af heitu vatni eða u.þ.b. 50 milljónir kr. á ári.
- Notkun yfirbreiðsla mun minnka heildar orkunotkun en mun ekki lækka álagstoppa.
- Ekki hefur verið lagt mat á rekstrarkostnað og endurnýjunarþörf.
- Rekstrarfólk sundlauga hefur hingað til ekki séð hag af að fjárfesta í slíkum búnaði.
- Hugsanlega mætti auka ávinning af yfirbreiðslum með því að skilyrða afsláttarkjör sundlauga í gjaldskrá við orkusparandi aðgerðir viðskiptavina.

BORGARRÁÐ 8. febrúar 2024: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um afléttingu trúnaðar á skýrslu innri endurskoðunar varðandi Orkuveitu Reykjavíkur - MSS24020040

Lagt er til að Borgarráð samþykki að óska eftir því við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og/eða stjórnir dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur, eftir því sem við á, að öllum trúnaði um nýlega skýrslu Innri endurskoðunar og ráðgjafar varðandi úttekt á stjórnarháttum og miðlun upplýsinga og samstæðu verði aflétt og að Borgarstjórn verði í kjölfarið veittur aðgangur að henni.

Orkuveita Reykjavíkur

23. júní 2024.

Tillaga Björns Gíslasonar, borgarfulltrúa og stjórnarmanns, í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur um að hefja orkuframleiðslu á rafmagni í Elliðaárvirkjun á nýjan leik

Orkuveita Reykjavíkur samþykkir að hefja orkuframleiðslu á rafmagni í Elliðaárvirkjun á nýjan leik með það fyrir augum að tryggja orkuöryggi heimila í Reykjavík. Lagt er til að innviðir sem nú þegar eru til staðar í Elliðaárdal verði nýttir svo hefja megi raforkuframleiðslu á allt að tíu megavöttum af rafmagni.

Greinargerð

Mikilvægt er að tryggja orkuöryggi heimilanna í Reykjavík í ljósi fyrirséðs orkuskorts í landinu annars vegar og mögulegra eldsumbrota á Hengilssvæðinu hins vegar.

Hér lagt til að þeir innviðir sem nú þegar eru til staðar við Rafstöðina í Elliðaárdal verði nýttir, en fjárfest yrði í nýrri túrbínu sem gæti framleitt allt að sex til tíu megavött af rafmagni. Framleiðsla á tíu megavöttum gerði Orkuveitu Reykjavíkur kleift að tryggja allt að 17.000 heimilum í Reykjavík raforku, sem gera 34% heimila í höfuðborginni.

Skóðað verði að byggja 15 fermetra jarðhýsi, þar sem túrbínunni yrði komið fyrir, vestan megin við rafstöðvarhúsið í Elliðaárdal. Þá eru rörin sem notuð eru til að leiða vatnsrennslíð nokkuð heilleg en til að ná hámarks endingu er hægt að koma fyrir plaströri sem gæti dugað næstu eitt hundrað árin.

Eldsumbrotin á Reykjanesi og heitavatnsleysið sem kom í kjölfarið varpar enn frekari ljósi á mikilvægi þess að hafa nægilegan aðgang að rafmagni. Heitavatnslögnin rofnaði sem olli heitavatnsleysi á Suðurnesjum en eins og þekkt er orðið lágu lagnir og heimili fólks undir skemmdum. Íbúar svæðisins gátu aðeins notað rafmagnssofna en ekki var unnt að leyfa nema einn rafmagnssofn á heimili, þar sem rafkerfið þoldi ekki meiri notkun. Þetta sýnir okkur svo ekki verði um villst að allur er varinn góður. Þá er tóm mál að tala um að hér ríki orkuskortur þegar við eigum tilbúna virkjun í Reykjavík, sem þarfnast örlítill lagfæringa til að gangsetja.

Nú eru yfir eitt hundrað ár liðin frá því Elliðaárvirkjun tók til starfa. Hún var tekin í notkun á vormánuðum 1921 og var fyrsta vatnsaflsvirkjun Reykvíkinga. Virkjunin var starfrækt til ársins 2014 er aðrennslisrör hennar gaf sig og var hún þá ein elsta virkjun í heiminum sem enn var í notkun. Elliðaárvirkjun á stóran þátt í sögu Reykjavíkur en það færi vel á því að gera sögu hennar og mikilvægi hátt undir höfði með því að gangsetja hana á nýjan leik.

Fjárfesting þessi tryggir ekki aðeins almannaoöryggi, heldur myndi hún borga sig upp á 5-7 árum og yrði þar af leiðandi arðbær framkvæmd fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og þar með borgarbúa alla, enda Orkuveita Reykjavíkur í eigu skattgreiðanda í Reykjavík að mestu.

Minnisblað

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson forstjóri

Sendandi: Hera Grímsdóttir, Arna Pálsdóttir, Harpa Pétursdóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir og Ingvi Gunnarsson

Dagsetning: 22.08.2024

EFNI: MINNISBLAÐ UM AUÐLINDIR, NÝSKÖPUN, SJÁLFBÆRNI OG UMhverfi

Krýsuvíkursveimar og Mosfellsheiði

Rannsóknarverkefni um jarðhita í Krýsuvíkursveimum og Mosfellsheiði hafa verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Lokið hefur verið við aðfangiferli rannsóknarverkefnanna að svo stöddu þar sem þau voru samþykkt. Varðandi Mosfellsheiðina hefur samtalið við haghafa verið hafið og heldur áfram á næstu mánuðum, þ.á. m. við sveitarfélögin tvö Ölfus og Grímsnes- og Grafningshrepp auk forsætisráðuneytisins. Hvað varðar Krýsuvíkursveima þá er í gangi skoðun á eignarhaldi á svæðinu sem ætlað er að rannsóknir taki til. Nánari skoðun á möguleikum og næstu skref í verkefninu verða ákveðin á næstu mánuðum.

Ölfusdalur

Umsókn um rannsóknarleyfi var send Orkustofnun nýverið og hefur stofnunin svarað því til að verið sé að vinna að umsókn Sunnlenskrar orku um sama rannsóknarsvæði og því sé ekki að vænta svars við okkar umsókn fyrr en að þeirri meðferð lokinni. Þegar svar stofnunarinnar liggur fyrir kemur til með að verða ljóst hvort Orkuveitan fái efnislega meðferð á umsókninni þar sem rannsóknarleyfi á grundvelli auðlindalaga, nr. 57/1998, eru sérleyfi á hverju svæði fyrir sig. Samtalið við sveitarfélögin, Framkvæmdasýslu ríkisins og fleiri haghafa á svæðinu hefur verið þétt síðustu mánuði.

Meitlar og Hverahlíð II

Framkvæmdaleyfi vegna rannsóknarborunar í Meitlum Norður hefur þegar verið veitt Orkuveitunni. Nýverið barst kostnaðaráætlun borverktaka vegna verkefnisins sem reyndist nokkuð hærri en reiknað hafði verið með en af þeim sökum er nú verið að endurskoða feril verkefnisins með hliðsjón af nýjum upplýsingum um kostnað og tímasetningar. Tillaga að breytingu aðalskipulags svæðisins fór til sveitarfélagsins Ölfuss þann 15. ágúst sl. í kjölfar athugasemda frá skipulagsnefnd sveitarfélagsins um tillögu að nýju aðalskipulagi sem kynnt var nefndinni í júlí og hefur skipulagsnefndin lagt til við bæjarstjórn að auglýsa breytinguna og ganga frá málin í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Vindur

Útboði vegna tilboða í mælitæki fyrir vind fyrir öll þrjú vindverkefni Orkuveitunnar lýkur senn og er verið að draga upp samning við tilboðsgjafa. Verkefni þrjú voru kynnt verkefnastjórn rammaáætlunar þann 21. ágúst og ljóst að kostirnir þeir verða teknir til nánara mats af faghópum á næstunni.

Vatnsafl

Unnið að skoðun nokkurra virkjunarkosta hjá verkfræðistofu og munu ákvarðanir í kjölfarið byggja á þeim niðurstöðum.

Breytingar á yfirborðsvirkni á Skíðaskálabrekkunni á Hellisheiði

Jarðhitavirkni í Hveradalabrekkunni komst í fréttir í sumar vegna aurskriðu sem rann þar niður hlíðina þar sem áður var leirhver. Þessi leirhver kom fram fyrir nokkrum árum austast og efst í brekkunni og það má líta á myndun hans sem hluta af breytingum á yfirborðsvirkni á þessu svæði. Gufuvirkni hefur verið að aukast austast í Hveradalabrekkunni, samanber aukna virkni í vegstæði Suðurlandsvegur sem var í fréttum í fyrrasumar og uppkomu gufuvirkni sunnan þjóðvegur sem kom upp fyrir 5 árum. Á sama tíma hefur heldur dregið úr gufuvirkni vestast á svæðinu, þ.e. næst Skíðaskálanum. Því er ekki hægt að fullyrða að virkni þarna hafi aukist í heildina þó það sé líklegra en hitt. Þá er ekki víst að þessar breytingar tengist vinnslu fyrir Hellisheiðarvirkjun þó það sé ekki útilokað.

Stefnt er að því að auka eftirlit með virkninni á þessu svæði í samstarfi við eiganda Skíðaskálans og ÍSOR en báðir aðilar hafa fylgst með henni og tekið mikið af myndum á síðustu árum sem munu gagnast við að leggja mat á eðli og orsakir þessara breytinga.

Umhverfi

Vinnu lauk við gerð mælikvarða á stöðu líffræðilegrar fjölbreytni í júlí sl. á 32 lendum og athafnasvæðum Orkuveitunnar í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN, International Union for Conservation of Nature). Einnig var tekið mið af evrópska sjálfbærnisrástæðingum (ESRS, European Sustainability Reporting Standards). Heildareinkunn fyrir stöðu líffræðilegrar fjölbreytni tekur mið af mati á mikilvægi svæðis og forgangi til að grípa til aðgerða. Einkunnin er sett fram sem nokkurs konar umferðarljósamerking „traffic light label“ með litunum **grænt**, **gult** eða **rautt** eins og gert er í auðlindamælikvörðum RON.

Eins og fram kemur í töflunni að neðan er niðurstaða mats á stöðu líffræðilegrar fjölbreytni á þessum svæðum sú að:

- Tvö svæði fá **rauða** einkunn þar sem bregðast þarf skjótt við og setja hið fyrsta fram tímasett markmið og mælikvarða til að bæta stöðuna. Svæðin eru á forræði ON.
- 12 svæði eru á **gulu** og þarf að útbúa tímasetta áætlun til að komast að því hvort aflu þurfi ganga til að bæta stöðuna eða til að draga úr óvissu. Sex svæði eru á forræði ON og sex á forræði Veitna.
- 18 svæði er á **grænu** og er staðan því góð og ekki þörf á aðgerðum. 14 svæði eru á forræði Veitna, tvö á forræði Carbfis og tvö á forræði móðurfélagsins.

Á næstunni verður ráðist í að samþætta mælikvarðann við auðlindamælikvarða RON. Staðan verður kynnt fyrir hagsmunaaðilum til að fá endurgjöf á mælikvarðann.

Auk sjálfbærni- og umhverfisteymis Orkuveitunnar tóku hópstjóri lóða og lendna hjá Orkuveitunni, sérfræðingur umhverfis- og skipulagsmála Veitna og umhverfis- og landgræðslustjóri ON þátt í vinnunni.

Taflan sýnir yfirlit yfir 32 svæði sem eru mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni og verða fyrir áhrifum af framkvæmdum og rekstri Orkuveitunnar. Einkunnin **rautt**, **gult** eða **grænt** er gefin fyrir mikilvægi svæða og forgang ásamt stöðu líffræðilegrar fjölbreytni.

Félag sem hefur áhrif á LF	Einkunn vegna núverandi ástands vistkerfis, verndargildis vistgerða, mikilvægi álags, stjórn Orkuveitu á álagi og forgangur v. líffræðilegrar fjölbreytni (LF)		Mikilvægi svæðis vegna LF	Forganur svæðis vegna LF	Staða líffræðilegrar fjölbreytni (LF)	
	Ástand	Stærð				
	Óþekkt ástand/Óvissa Mjög gott ástand /Lítið álag/Engin eða lítil stjórn/Litill forgangur Gott ástand / Miðlungs verndargildi /Hófllegt álag/Hóflæg stjórn/Hóflægur forgangur Óviðunandi ástand/ Hátt verndargildi/Mikið álag/Rýna sem fyrst Slakt ástand/Mjög hátt verndargildi/Mjög mikið álag/Mikil stjórn/Mikill forgangur					
HÓFUDBORGARSVÆÐIÐ						
Vatns- og fráveita	Heiðmörk/Elliðaárstrumur					
	Elliðavatn					
	Myllulækjartjörn og votlendi					
Orkuveitan	Elliðaár (frá Árbæjarstífu til ósa)					
Vatns- og fráveita	Elliðavogur-Grafarvogur					
	Skerjafjörður, heild					
	Blikastaðakró-Leiruvogur					
Carbfix	Höfsvík					
	Ísaltar tjarnir við Straumsvík					
VESTURLAND						
Vatns- og fráveita	Akranes, grunnvatn					
	Akranes, strandsjór					
	Borgarfjörður, strandsjór					
	Hreðavatn, grunnvatn					
	Svelgsárhraun, grunnvatn					
ON	Grundará					
	Skorradalsvatn					
	Andakilsá 1					
	Andakilsá 2					
	Fitjaá					
Hitaveita	Flókadalsá					
	Deildatunguhver					
	Leirárvogur					
	Vígrafjörður					
ON	Vogsbotn					
	SUÐURLAND					
	ON	Hellisheiði/Hengladalir/Hengladalsá				
	Carbfix	Hellisheiði				
	ON	Hverahlíð				
Nesjavellir						
Nesjahraun og strönd Þingvallavatns						
Selvogsstrumur 1						
Hitaveita		Brúará				
Orkuveitan	Meitlar norður					

Loftslag og sjálfbærni


Sjálfbærnivísir PwC 2024 kom út þann 14. ágúst sl. Rýndar voru opinberar upplýsingar um loftslagsmál. Þar á meðal er Orkuveitan og gögn frá fyrirtækinu eru lykilatriði í þeirri niðurstöðu að Orkuveitan standi flestum frammar í þessum efnum. Lagt er mat á stjórnun fyrirtækjanna á loftslagsáhrifum sínum, skýrslugjöf og árangri. Til að komast í efsta flokk þarf Orkuveitan að ná meiri árangri í samdrætti losunar en ljóst er að það gerist í stærri einstökum skrefum hjá okkur en flestum öðrum. Í ítarlegri skýrslu PwC er að finna þetta yfirlit yfir röðun þeirra fyrirtækja sem standa sig best.

Sjálfbærnivísir PwC 2024

Flokkur 1: Fyrirtæki sem draga úr losun í samræmi við Parísarsamkomulagið Fyrirtæki sem sýna fram á að lágmarki 7% samdrátt og eru í samræmi við Parísarsamkomulagið		
Marel		
Flokkur 2: Fyrirtæki sem draga úr losun, en ekki í samræmi við Parísarsamkomulagið		
Arion banki Eik Hagar	Össur Orkuveita Reykjavíkur	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins Amarfax
Flokkur 3: Fyrirtæki með góða loftslagsskýrslu, en sýna ekki samdrátt í losun		
Íslandsbanki Ölgerðin	Skel Landsbankinn	Landsvirkjun
Flokkur 4: Fyrirtæki með loftslagsskýrslu, en tækifæri til úrbóta í skýrslugjöf		
Tækifæri er til úrbóta í skýrslugjöf fyrirtækja í flokki 4. Það eru 22 fyrirtæki í þessum flokki.		
Flokkur 5: Fyrirtæki sem greina ekki frá losun		
Skýrslugjöf fyrirtækja í flokki 5 um eigin losun er ýmist ófullnægjandi eða engin. Það eru 15 fyrirtæki í þessum flokki.		

Þá liggur nú fyrir niðurstaða UFS-mats Reitunar á samstæðu Orkuveitunnar. Slíkt mat er gefið út árlega og annað hvort ár er það byggt á mjög ítarlegri úttekt. Á meðal þeirra sem nýta sér slíkar niðurstöður eru fjárfestar sem t.d. kaupa útgefin skuldabréf Orkuveitunnar og Ljósleiðarans. Orkuveitan er enn að hækka í mati Reitunar og „...stendur sig afburða vel í UFS mati Reitunar líkt og síðustu ár.“ Samstæðan fær nú 88 stig af 100 mögulegum og einkunnina A3. Af þeim um 40 fyrirtækjum sem Reitun metur er ekkert með hærri einkunn en A3.

UFS EINKUNNADREIFING



Myndin sýnir einkunnadreifingu þeirra u.þ.b. 40 fyrirtækja hér á landi sem Reitun metur skv. UFS viðmiðum